

Leikskólinn Geislabaugur



Virðing - Gleði - Sköpun

Skólanámskrá

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Leikskólinn Geislabaugur	6
Dvalartími	6
2. Leiðarljós leikskólans	7
3. Einkunnarorð leikskólans.....	8
Virðing	8
Gleði	8
Sköpun.....	8
4. Hugmyndafræðin.....	9
5. Leikur er nám.....	10
Könnunarleikur.....	10
Svæðavinna	10
6. Daglegt líf.....	11
Móttaka og brottför	11
Að klæða sig í og úr	11
Matartímar	11
Hvíldartímar.....	11
Hreinlæti.....	11
Samverustundir	12
Útiveran.....	12
7. Samskipti	13
8. Starfsmannastefna Geislabaugs	14
9. Lýðræði og mannréttindi.....	14
10. Jafnrétti.....	15
11. Grunnþættir menntunar.....	16
12. Námsvið leikskóla	17
Læsi og samskipti.....	17
Heilbrigði og velferð	18
Sjálfbærni og vísindi	20
Sköpun og menning.....	21

13. Hátíð og hefðir.....	23
14. Sérkennsla	24
Börn með sérþarfir	24
15. Tengsl milli skólastiga.....	24
Samstarf við grunnskóla	24
Markmið með samstarfinu	24
Framkvæmd.....	25
16. Foreldrasamstarf	25
Markmið og áherslur	26
Aðlögun	26
17. Mat á námi og velferð barna	26
Uppeldisfræðileg skráning.....	27
18. Mat á leikskólastarfi	28
Innra mat	28
Ytra mat	29
19. Umsögn frá foreldrum	29
20. Starfsáætlun	31
21. Samstarfsaðilar og lög um leikskóla	31
Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar	31
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	31
Foreldraráð.....	31
Lög um leikskóla	32
22. Skólanámskrá	33
Heimildarskrá	34

Inngangur

Leikskólinn Geislabaugur starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Ný aðalnámskrá var gefin út í maí 2011 og leysir hún af hólmi fyrstu aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í júní 1999. Sú menntastefna sem þar er að finna, er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskráargerðina. Þessir grunnþættir eru eftirfarandi: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu öllu. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Í nýrri aðalnámskrá er lögð rík áhersla á jafnrétti og lýðræði. Börn eiga að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Leikskólinn er einnig mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna.

Námssvið Geislabaugs eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.



1. Leikskólinn Geislabaugur

Leikskólinn Geislabaugur tók til starfa 1. júlí 2004 og mættu fyrstu börnin í aðlögun þann 19. júlí. Leikskólinn var vígður og honum gefið nafn við hátíðlega athöfn þann 13. ágúst sama ár.

Reykjavíkurborg keypti húsið af einkaaðilum sem byggðu það og ráku hér einkarekinn leikskóla um tíma. Húsið er 860 m² að flatarmáli og að hluta á tveimur hæðum. Töluverðar endurbætur voru gerðar á húsinu strax í byrjun og var eldhús t.d. alveg endurnýjað og fataherberginu var einnig gjörbreytt. Útisvæðið var endurskipulagt og var því verki lokið sumarið 2006.

Í byrjun voru starfræktar fjórar deildir með samtals 90 börnum, sumarið 2005 var fimmtu deildinni bætt við á efri hæðinni og henni breytt samkvæmt því. Haustið 2011 var færanlegri kennslustofu bætt við úti í garðinum hún er 63 fermetrar og eru þar 19 börn. Sex deildar eru starfandi í dag og dvelja samtals 137 börn.

Deildarnar heita: Sólin, Lautin, Fjallið, Tunglið, Lindin og Stjarnan.

Stöðugildi í leikskólanum eru 28 miðað við 137 börn.

Leikskólinn stendur við hringtorg Gvendargeisla og Þorláksgeisla við Kristnibraut 26 í Grafarholti. Flest börnin búa í göngufæri við leikskólann. Stutt er í ósnerta náttúru og njótum við góðs af því þegar við förum í gönguferðir. Lóðin í kringum leikskólann er stór og gefur mikla möguleika á góðri hreyfingu og hefur hluti lóðarinnar verið girtur af fyrir matjurtagarð og leiksvæði fyrir yngstu börnin.

Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 - 17:00 alla virka daga. Dvalartími barna er misjafn og getur verið frá 4 klst. upp að 9,5 klst. að hámarki. Foreldrar undirrita dvalarsamning um tíma barns þeirra í leikskólanum. Breytingar á þeim dvalartíma þurfa foreldrar að sækja um til leikskólastjóra en reynt er eins og kostur er að koma til móts við þarfir foreldra. Lögð er áhersla á að dvalartími barna sé virtur og þau ekki höfð lengur í skólanum en umsaminn tími segir til um.



2. Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Þegar barnið hefur leikskólagöngu sína er það að stíga sín fyrstu skref í félagslegu umhverfi, fyrir utan heimilið.

Hugmyndafræði Reggio Emilia er höfð að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Í Geislabaugi leggjum við ríka áherslu á að skapa gott og jákvætt andrúmsloft þar sem börnum og starfsmönnum líður vel og þar sem allir fá tækifæri til að þroskast. Eitt af meginmarkmiðum okkar er að börn og kennarar komi fús og glöð í leikskólann, séu ánægð, njóti dagsins og fari sátt heim að kvöldi.

Umhverfið vegur stóran þátt í uppgötvun barnsins. Nánasta umhverfi barnsins skiptir miklu máli, að læra um eigið umhverfi, taka eftir því stóra og smáa styrkir sjálfsvitund barnsins. Í Reggio Emilia hugmyndafræðinni er oft talað um umhverfið sem þriðja kennarann. Umhverfi skólans (innan sem utan) er skipulagt með það í huga að hafa áhrif. Þannig er mikilvægt að rými sem börnin búa við sé í senn hvetjandi, aðlaðandi, verndandi og fallegt. Að það sé hægt að breyta því og það sé ekki of fast bundið í ákveðið form. Þannig fá börnin tækifæri til að tjá sig á hundrað vegu.

**Við gerum allt sem við tökum okkur fyrir
hendur með glöðu hjarta.**

Samskipti barna og fullorðinna skipta miklu máli. Hinn fullorðni er virkur í sköpunarferlinu og leiðir vinnuna áfram út frá áhuga barnanna. Það þýðir ekki að hann/hún stjórni því sem barnið er að gera heldur hlustar viðkomandi af athygli, skráir hjá sér og spyr opinna spurninga þannig að barnið fái hvatningu og stuðning við það sem það er að fást við. Mikilvægast er að skoða ferli sköpunarinnar en ekki einungis útkomuna. Reynt er að viðhalda og örva forvitni barnanna og mikil áhersla er lögð á sjónskyn ásamt beitingu annarra skynfæra.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál, þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Við í Geislabaugi höfum unnið þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna með aðaláherslu á að skoða stelpu- og strákameningu. Við leggjum því ríka áherslu á að drengir og stúlkur eigi

sem víðtækasta og jafnasta möguleika og hvergi í skólasterfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins.

Í leikskóla tileinka börn sér heilbrigða lífshætti, hollt og gott mataræði, hvíld og hreinlæti. Hreyfing er mikilvæg bæði inni og úti. Þau þurfa að hafa tækifæri til að hreyfa sig frjálst og einnig að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing eykur vellíðan og stuðlar þannig að betri samskiptum á milli barna.

3. Einkunnarorð leikskólans

Unnið er út frá þremur einkunnarorðum sem endurspeglast í skólasterfinu, þau eru: *virðing, gleði og sköpun*.

Virðing

Við leggjum ríka áherslu á að virðing sé borin fyrir einstaklingnum og viljum að fjölbreytileiki auðgar starfið. Við berum virðingu fyrir skoðunum, hugmyndum og verkum annarra og leiðir það til betri árangurs, aukinnar sjálfsábyrgðar og sjálfsvirðingar.

Gleði

Þar er gott að vera sem gleðin býr. Gleðin getur hjálpað okkur í gegnum erfiða tíma því við getum sjálf kallað hana fram með jákvæðri hugsun. Sá sem er glaðvær er öðrum gleðigjafi og léttir þeim lífið.

Sköpun

Í örvandi umhverfi fáum við tækifæri til að vera skapandi og allir fá að leita svara. Í jákvæðu andrúmslofti er ekkert rétt eða rangt, þar fær forvitni allra að njóta sín.



4. Hugmyndafræðin

Leikskólastarf og leikskólanám byggir oftast á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræðin er sótt í kenningar og rannsóknir hinna ýmsu fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í Geislabaugi byggir leikskólastarfið á hugmyndafræði Reggio Emilia sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður-Ítalíu. Upphaflega voru leikskólarnir í Reggio eingöngu reknir af kirkjunni en eftir seinni heimstyrjöldina voru það foreldrar sem reistu þá og sönnuðu að þeirra væri þörf og þá kom Loris Malaguzzi til sögunnar. Hann var sálfræðingur og hugmyndasmiður og stendur á bak við þessa stefnu og hugmyndafræði.

Loris Malaguzzi var að mörgu leiti eins og ástfanginn maður, fullur ástríðu fyrir því starfi sem gaf lífi hans gildi. Hann hafði í huga að í öllu námi felst fyrst og fremst bjartsýni, hlátur og takamarkalaus gleði. Eins og John Dewey þá vill Loris Malaguzzi meina að viðhorf okkar á að vera laust við fordóma og vera opið og víðtækt. Við höfum oft ákveðna mynd af barninu og hugmyndir um hvernig við tölum við barnið, upplifum það og hlustum á það. Við erum oft með hugmyndir um hvernig barn er eftir kyni þess og það getur oft verið erfitt að breyta þeirri hugmynd (Hoyuelos, 2013).

Meginþættir hugmyndafræðinnar fela í sér sjónrænt uppeldi. Hún hvetur börnin til að virkja öll skilningarvit, málin sín hundrað og skapandi hugsun. Grunnhugmyndirnar sækir hann m.a. til Jean Piagets, sem leggur aðaláherslu á vitsmuna- og siðgæðisþroska barnsins, þ.e. að barnið byggir upp eigin þekkingu í gegnum skynjun sína og samskipti við annað fólk.

Það er skoðun Malaguzzi að börn eigi sér hundrað tungumál en hinir fullorðnu ræni þau smám saman málunum níutíu og níu. Börnin fá aðeins að halda einu eftir, hinu talaða máli, orðum sem eru köld og tóm og í vantar alla fyllingu og hlýleika. Með því að fá að nota málin sín hundrað getur barnið reynt, skynjað og upplifað sama hlutinn á hundrað vegu. Í upphafi leggur starfsfólk grunn að vinnu barnanna, sem síðan mótast og útfærast út frá hugmyndum og áhugasviði þeirra. (*Börn hafa hundrað mál*, 1980)

Árangrinum náum við með því að bera virðingu fyrir barninu. Barnið er eins og hljóðfæri, það er um að gera að leika á sem flesta strengi. Uppeldisstarfið beinist með öðrum orðum að því að þroska öll skilningarvitin og hæfileika barnsins. Sköpunargáfa er ekki guðsgjöf sem menn fá fyrirhafnarlaust upp í hendurnar. Það þarf að hlúa að henni, allt saman stuðlar þetta að því að fram kemur skapandi einstaklingur með æðra vitsmunarlíf.



5. Leikur er nám

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáníng og gleðigjafi barns. Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáníngarform barnsins. Í leik fá þau tækifæri til að þroskast í samskiptum við önnur börn og öðlast félagslega færni. Reynsluheimur barnanna birtist í leiknum. Leikurinn er megin námsleið barna. Þau læra hvert af öðru, fá tækifæri til að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Í gegnum leikinn þróa þau félagsleg tengls við önnur börn og læra félagslegar leikreglur sem eru forsendur þess að geta leikið við aðra. Hlutverk kennara er að styðja við nám barna á margvíslegan hátt. Þeir þurfa að skapa fjölbreytt leikumhverfi og gefa leiknum nægan samfelldan tíma og rými. Kennarar eiga að styðja við sjálfsprottnar athafnir, eiga samskipti við börn í gegnum leik og sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leiknum.

Könnunarleikur

Könnunarleikurinn er hugsmíð Elinor Goldscmied í samvinnu og útfærslu við leikskólakennara í Englandi, Skotlandi, Ítalíu og Spáni. Könnunarleikurinn er hugsaður fyrir yngstu börnin. Tveggja til þriggja ára börn í Geislabaugi fara í könnunarleik einu sinni í viku. Þar fá þau ýmiskonar efnivið s.s. keðjur, lykla og slæður til þess að rannsaka, uppgötva og skilja sjálf án íhlutunar kennara. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt.

Svæðavinna

Svæðavinna er stór og mikilvægur þáttur í starfi leikskólans og byggir á lýðræðislegri þátttöku barnanna og góðu skipulagi í kringum leikinn og námsviðin. Börnin velja sjálf það svæði sem þau vilja fara á. Það eru fjögur grunnsvæði byggingarsvæði, leiksvæði, listasvæði og læsissvæði.

Áhugi og virkni kennara skiptir miklu máli í svæðavinnu. Mikilvægt er að hlusta á börnin og vinna út frá áhuga þeirra. Það er hlutverk barnanna að spá, skapa og finna svör þar sem ferlið skiptir meira máli en afraksturinn.



6. Daglegt líf

Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu.

Móttaka og brottför

Í Geislabaugi leggjum við áherslu á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þess. Barnið finnur að það er velkomið, að nærvera þess skipti máli og að það sé öruggt í leikskólanum. Við heilsum hverju barni með nafni og kveðjum það á sama hátt. Einnig leggjum við ríka áherslu á að foreldrar finni að þeir eru velkomnir á deildina með barninu.

Að klæða sig í og úr

Í fataherberginu styrkjum við sjálfsmynd og sjálfsbjargarviðleitni barnanna með því að efla þau í að klæða sig í og úr. Þau læra hjálpssemi, að taka tillit til hvers annars og auka orðaforða sinn. Börnin læra að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum og þannig læra þau að bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra. Í fataherbergi eru myndir af fatnaði sem eru viðeigandi við veðurfar dagsins. Mikilvægt er að hafa litla barnahópa ef kostur er, ásamt því að spjalla við börnin og hjálpa þeim eftir þörfum.

Matartímar

Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Einnig leggjum við okkur fram um að hafa rólegt andrúmsloft, góða borðsiði og að börnin læri sjálfsbjargarviðleitni. Börnin skiptast á að leggja á borð og sækja mat í eldhúsið með kennara. Þannig læra þau að nota borðbúnað til að telja og leggja snyrtilega á borð. Kennari situr til borðs með börnunum og er þeim góð fyrirmynd. Börnin taka eins mikinn þátt í borðhaldinu og þroski þeirra leyfir. Börnin skammta sér sjálf eftir getu. Þau skiptast á að bjóða hinum að gjöra svo vel að byrja að borða. Börnin eru hvött til að smakka allan mat en borin er virðing fyrir smekk barna á matnum. Matartímarnir eru tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um það sem er hollt og óhollt. Læra hugtökin lítið, mikið, minna, meira, fleiri og færri. Í lok matmálstíma ganga börnin frá borðbúnaði.

Hvíldartímar

Mikilvægt er að börn fái næga hvíld og svefn. Það stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Hvíldartíminn gefur tækifæri til að skapa hlý og góð tengsl við hvert einstakt barn og barnahópin sem heild. Misjafnt er á deildum hvernig hvíldin fer fram. Á yngstu deildunum eiga börnin ákveðinn stað til hvíldar, sum eru með tengihluti með sér og flest þeirra sofa í hvíldinni. Á eldri deildum er róleg stund, börnin hlusta á sögur eða rólega tónlist.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í lífi barnanna. Við leggjum áherslu á handþvott eftir salernisferðir og fyrir máltíðir. Við fræðum börnin og leiðbeinum þeim, kennum þeim að nota volgt vatn og sápu og skola hendur vel. Einnig eru notaðir þvottapokar á andlit eftir

þörfum. Við gætum hreinlætis í hvívetna, notum sóttþreinsiefni þegar við á og erum vakandi fyrir smithættum.

Samverustundir

Í samverustundum fá börnin tækifæri til að gleðjast og vera saman sem hópur. Þar gefst tækifæri til samræðna sem byggjast á opnum spurningum. Farið er í leiki, sungið, lesnar sögur, leikin leikrit, notuð hljóðfæri og stundin höfð sem ánægjulegust. Einnig eru börnin hvött til að koma fram fyrir aðra. Í samverustundum er farið yfir sjónrænt dagskipulag.

Útiveran

Það er mjög mikilvægt fyrir börn að njóta útivistar. Áhersla er lögð á að börnin fari út a.m.k. einu sinni á dag. Það er nauðsynlegt að veita börnum tækifæri til að ærslast og hreyfa sig. Útiveran eykur þrótt barnanna og úthald, þau kynnast nánasta umhverfi sínu og náttúrunni. Nauðsynlegt er að börnin séu í klæðnaði sem hæfir hreyfipörf þeirra. Til að hafa útiveruna sem skemmtilegasta erum við með góð leiktæki, förum í hreyfileiki og vettvangsferðir. Við erum með ýmsa uppákomudaga s.s. málningardag, hjóladag, sulludag, derhúfudag og margt, margt fleira.



7. Samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Tjáningaraðferðir barna í samskipum eru mjög fjölbreyttar. Þau tjá sig í gegnum tungumálið, snertingu, látbragð, hljóð, tónlist, myndmál, dans og leikræna tjáningu. Í samskiptum við aðra deila börn skoðunum sínum og hugmyndum. Samskipti eiga stóran þátt í mótun sjálfsmyndar barna og gerir þau fær um að setja sig í spor annara.

Í Geislabaugi leitast kennarar við að eiga góð og gefandi samskipti við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Kennarinn skal vera meðvitaður um mikilvægi sitt sem góð fyrirmynd. Samskiptin eiga að einkennast að virðingu, gleði og mikilvægt er að hlusta á og taka tillit til þarfa og skoðana barna.

Í samskiptum er mikil áhersla lögð á jákvæðan aga. Til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun leggjum við okkur fram um að vera með skýrar reglur í öllum aðstæðum, skýr fyrirmæli, nota hvatningu og lýsandi hrós. Einnig er mikilvægt að hafa sem flest í umhverfinu læsilegt og einfalt. Heilbrigð skynsemi verður síðan að vera samhliða öllum þessum þáttum og stýra þeim. Við trúum því að umbun fyrir æskilega hegðun sé besta hegðunarmótunaraðferðin.



8. Starfsmannastefna Geislabaugs

Í Geislabaugi er hugtakið kennari notað yfir leikskólakennara og annað starfsfólk skólans. Leikskólastjórnendur vinna náið með kennurum skólans á lýðræðislegan og faglegan hátt. Kennarar eiga að upplifa sig sem hluti af hópnum og stuðla að jákvæðum samskiptum sín á milli.

Leiðarljós í samskiptum í Geislabaugi:

- Við heilsumst og tökum undir kveðjur með bros á vör.
- Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu.
- Við erum stundvís og heiðarleg.
- Við tölum saman og leysum málin strax.
- Við erum stöðugt vakandi yfir því að hrósa og hvetja.
- Við baktölum aldrei aðra. Við komum þess í stað skilaboðum á framfæri við viðkomandi aðila.
- Við viðurkennum eigin mistök og virðum hugmyndir annarra.
- Við tökum vel á móti nýjum kennurum.
- Við notum uppbyggilega gagnrýni og erum jákvæð í garð hvers annars.
- Við leitumst við að draga fram jákvæðar hliðar samstarfsfólksins og leikskólans innan hans sem utan.



9. Lýðræði og mannréttindi

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Litið er á

börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Börn eru sterkir og hæfileikaríkir einstaklingar með getu til þess að draga eigin ályktanir og velja sér viðfangsefni við hæfi. Í Geislabaugi sköpum við börnunum vettvang til að tjá hugsanir sínar óskir og upplifanir. Í samverustundum og í



svæðavinnum er góður grundvöllur til umræðna og tjáskipta.

Í svæðavinnum velja börnin sér svæði til að vinna að verkefnum og leika sér. Hópurinn sem velur sama svæði þarf að sameinast um hvað gert verður á svæðinu í samráði við kennara. Börnin hanna og skapa öskudagsbúninga sína og fylgihluti með þeim. Þau ákveða hvað þau vilja búa til og gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Börnin koma með uppástungur um uppákomudaga s.s. náttfatadag, litadag (rauðan dag, grænan dag osfrv, dótadag og íþróttadag. Við gerð matseðils mánaðarins koma börnin með uppástungur af mat sem þau vilja hafa og reynt er að verða við óskum þeirra eftir aðstæðum. Við gefum börnunum tækifæri til að koma skoðunum og óskum sínum á framfæri varðandi stærri mál sem kennarar hafa ekki ákvörðunarrétt um, t.d. að skrifa bréf til borgarstjóra eða fá fund með leikskólastjóra.

10. Jafnrétti

Öll börn eiga jafnan rétt til náms óháð kyni, aldri, fötlun, líkamlegum og andlegum þroska, þjóðerni og trúarbrögðum. Leikskólanum ber að skipuleggja skólastarfið þannig að þörfum einstaklinganna sé mætt á jafnan hátt í samstarfi við foreldra og rekstraraðila. Í Geislabaugi er lögð áhersla á að börnin sýni hvert öðru virðingu og samkennd, með því að vera góð hvert við annað og læra að taka tillit til annara. Við leggjum áherslu á að drengir og stúlkur eigi sem viðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Árið 2011 byrjuðum við í þróunarverkefni sem ber heitið: Nú skal segja. Þar sem við skoðum stelpu- og strákameningu. Þetta jók vitund okkar á því hvernig við viljum koma fram við börn óháð kyni. Mikilvægasta verkfærið er kennarinn sem fyrirmynd og viðhorf hans til jafnréttis. Nú er verkefninu formlega lokið en jafnrétti mun fléttast inn í allt starf Geislabaugs. Gátlisti um jafnrétti verður hafður til hliðsjónar á deildarfundum eða sambærilegum fundum. Þemavikur um jafnrétti verður tvisvar á ári, ein að hausti og önnur að vori til þess að viðhalda og auka þekkingu kennara um jafnrétti. Hér er lokaskýrslan : http://geislabaugur.is/images/nu_skal_segja_throunarverkefni_i_leikskolanum_Geislabaugi.pdf

11. Grunnþættir menntunar

Grunnþáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í öllu námi, sem fer fram í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og eiga að birtast í skólabrag, gildum og viðhorfum. Í leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar eftirfarandi:

- **Læsi** - talað mál og ritað, samræður, umræður, læsi á umhverfið og samskipti.
- **Sjálfbærni** - umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, bera ábyrgð á eigni lífi og heilbrigði.
- **Heilbrigði og velferð** - andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útvera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd.
- **Lýðræði og mannréttindi** - tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og val, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni, umburðarlyndi, samkennd.
- **Jafnrétti** - allir fá að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni, nálgun strákar/stelpur.
- **Sköpun** - listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist og dans.

Þegar skólastarf er metið á að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám og skólastarfið í heild.



12. Námsvið leikskóla

Læsi og samskipti

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Lengi býr að fyrstu gerð og mikilvægt að barnið nái góðum tókum strax í bernsku. Auk tungumálsins nota börn ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra á jafnréttisgrundvelli.



Læsi og samskipti er rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Í Geislabaugi er lögð áhersla á sjónrænt skipulag, sem styður við málskilning barna og auðveldar þeim að lesa í umhverfið. Tákn með tali er notað með yngri börnum í söng og daglegum athöfnum og einnig með þeim börnum, sem þurfa sérstakan stuðning við málið. Við lesum fyrir börnin og ræðum orð og innihald texta. Þau ræða hugmyndir sínar og fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan stóran hóp og einnig í litlum hópum. Árangurríkasta námið á sér stað í leik sem felur í sér gagnvirka samræðu. Hlutverk kennarana er því að vera til staðar í leik barnanna og þróa hann áfram með hugmyndum sem auðga og efla mál og læsi. Við notum uppeldisfræðilegar skráningar til að fylgjast með börnunum í leik og starfi.

Lesið í leik er læssistefna leikskóla sem gefin var út af skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar 2013. Þar segir að allir leikskólar Reykjavíkur eigi að gera áætlun um læsi sem byggir á henni. Geislabaugur hefur gert sína læssistefnu og gerir einnig áætlun um læsi sem fylgir með ársáætlun á hverju ári.



Markmið og leiðir

- **að efla málþroska og hugtakaskilning**

Við lesum fyrir börnin á hverjum degi, syngjum saman, segjum sögur og börnunum eru kenndar þulur, vísur og rím. Við styðjumst við ýmis kennslugögn eins og *Markvissa málörvun*, *Ljáðu mér eyra*, o.fl.

Í svæðavinnu er boðið upp á læsissvæði þar sem aðaláhersla er lögð á leik með orðum og hugtökum.

- **að ritmálið sé sýnilegt í umhverfinu**

Dagskipulag, stafróf, tölustafir og form er sýnilegt í umhverfi barnanna.

Skráningar sýnilegar börnunum og ferilmöppur alltaf tiltækar þar sem börnin geta flett og skoðað.

- **að börnin þjálfist í hlustun og noti málið í samskiptum**

Við gefum börnunum góðan tíma í samræður og vangaveltur. Þau hlusta á sögur og leikrit af hljóðbókum. Förum í ýmsa hlustunarleiki sem reyna á einbeitingu. Við göngum að barninu og tölum við það en köllum ekki fyrirmæli til þess yfir hópinn.

- **að börnin þjálfist í tjáningu á fjölbreyttan hátt**

Í Samverustundum er farið í ýmsa leiki sem gefa börnunum tækifæri á að tjá sig og læra að koma fram fyrir hóp. Við erum með ferðabangsa sem heimsækir börnin heim yfir helgi. Með honum fylgir dagbók þar sem börn og foreldrar skrá atburði helgarinnar og svo er bókin lesin með börnunum í samverustund.

- **að efla jákvætt viðhorf**

Kennarinn er jákvæð og góð fyrirmynd og leggur hlutina fram á áhugaverðan hátt. Hann styður börnin í að leysa ágreining á jákvæðan hátt með því að vera til staðar.

- **að börnin læri að þekkja nánasta umhverfi og menningu ásamt menningu annarra þjóða**

Börnin kynnast myndlist, dansi, leikrænni tjáningu í gegnum svæðavinnu og heimsóknum á söfn, leikhús og tónleika. Farið er í vettvangsferðir, náttúru og vísindaskoðun, skólaheimsóknir og fyrirtæki heimsótt. Þau læra um menningu annarra þjóða í gegnum bækur og kynningar frá kennurum og börnum sem koma frá öðrum löndum.

- **að efla tvítyngd börn í íslensku**

Börn af erlendum uppruna er sífellt stækkandi hópur í leikskólanum. Leikskólagangan leggur mikilvægan grunn að kunáttu þeirra í íslensku og skilning á íslensku samfélagi. Lögð er áhersla á að foreldrar tali á eigin tungumáli við börnin og þeir hvattir til að kynna sitt tungumál fyrir börnum og kennurum í skólanum. Með aðstoð foreldra gerum við móturmál barnanna sýnilegt. Í fataherbergi eru þjóðfánar barnanna sýnilegir á nafnspjaldi þeirra, einnig hanga uppi kveðjur þeirra þjóða sem eru í leikskólanum. Áherslur lagðar á þjóðhátíðardag barnanna með hjálp foreldra og hann kynntur fyrir hinum börnunum. Boðið er upp á tulkapjónustu í viðtölum sé þess þörf.

Heilbrigði og velferð

Í leikskóla tileinka börn sér heilbrigða lífshætti, hollt og gott mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Í Geislabaugi fá börn tækifæri til að hreyfa sig frjálst og einnig að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Nærumhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og það reynir á úthald og færni barnanna.



Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra, hvort þau hafi trú á eigin hæfni, eru áhugasöm og sýna vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Við leggjum áherslu á styrkleika og áhugasvið barnanna sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og eflir heilbrigði. Mikilvægt er að kennarar sýni umhyggju og myndi góð og nán tengsl við börnin. Við teljum mikilvægt að kennarar sýni hverjum öðrum hlýju og umhyggju og eru börnunum þannig góðar fyrirmyndir.

Markmið og leiðir

- **að hafa fjölbreytta og alhliða hreyfingu**

Við nýtum stóra salinn okkar í skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku fyrir hvert barn. Þar eru settar upp þrautabrautir, börnin læra hugtökin undir, yfir, framan, aftan ofl. Hlusta og hreyfa sig eftir fjölbreyttri tónlist. Inni á deildum er einnig gott rými fyrir hreyfingu. Útisvæðið okkar er stórt og það er vel nýtt til fjölbreyttrar hreyfingar, þar sem börnin eru hvött til þess að hoppa, hlaupa, klifra, hjóla, halda jafnvægi og farið í ýmiskonar leiki. Við erum í samstarfi við íþróttafélagið Fram og er börnum á elsta ári boðið að stunda fótboltaæfingar á leikskólatíma.

- **að börnin tileinki sér góða umhirðu**

Í gegnum allt starfið eru börnin styrkt í heilbrigðisvitund með því að ræða við þau um gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýkingarvarna. Lögð er áhersla á hreinlæti, börnin þvo sér um hendur áður en borðað er og eftir salernisferðir.

- **að bjóða upp á hollan og góðan mat**

Börnin fá hollan og fjölbreyttan mat sem eldaður er frá grunni. Áhersla er lögð á ferskt og gott hráefni, fisk, kjöt, brauð og grænmeti. Boðið er upp á ávexti milli mála. Við matarborðið er rætt um matartegundir og hollustu þeirra.

- **að börnin læri að slaka á og hvíla sig**

Mikilvægt er að fá góða hvíld og við gefum börnunum tækifæri á að hvíla sig eftir matartímann, þar sem þau æfast í að slaka á og og finna ró. Á yngri deildum sofna flest börn en á eldri deildunum er gjarnan lesið eftir matinn, spjallað saman, unnið með orðaforða, málskilning og tjáningu.

- **að börnin séu örugg í leik og starfi í leikskólanum**

Við sýnum hvert öðru virðingu og gefum hverju og einu barni athygli, umhyggju og hlýju og tileinkum okkur jákvæð samskipti. Í öllum rýmum leikskólans er starfsmaður til staðar fyrir börnin.

Við stuðlum að því að umhverfið sé þannig búið að ekki leynist slysaþættur. Á hverjum morgni er genginn hringur í garðinum til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi og eins og það á að vera. Börnin eru ætíð í endurskinsvesti þegar þau fara út af skólalóðinni. Starfsfólk

leikskólans sækir námskeið í skyndihjálpi annað hvert ár. Öll slys bæði á börnum starfsfólki eru skráð á þar til gerð eyðublöð.

Sjálfbærni og vísindi

Með sjálfbærni er átt við að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Við leitumst við að virkja samábyrgð og samkennd á milli barnanna. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Áhersla er lögð á að kenna börnunum að bera virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og náttúru.

Hlutverk kennara er að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja þar með skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Í Geislabaugi er lögð áhersla á umhverfi sem gefur tækifæri til vísindalegrar upplifunar. Opinn efniviður hvetur barnið til að rannsaka, kanna, horfa, snerta, hlusta, flokka og bera saman. Við nýtum okkar nærumhverfi í leik og starfi til að vinna með mismunandi náms- og þroskaþætti.

Markmið og leiðir

- **Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu, læri að bera virðingu fyrir því og velti vöngum yfir náttúruvernd og sjálfbærni.**

Í útiveru og vettvangsferðum kennum við börnum að hlúa að náttúrunni, ganga vel um gróður, plöntur og dýr. Mikilvægt er að börnin fái skilning á því sem hver og einn getur gert til að vernda umhverfi sitt. Áhersla er lögð á að kenna börnum sjálfsvirðingu á ýmsan hátt í gegnum leik, bækur og ekki síst eru kennarar þar fyrirmynd. Þannig læra börnin að bera virðingu fyrir sjálfum sér og geta þá líka lært að að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfinu.



Börnin setja niður kartöflur og grænmeti að vori og taka upp uppskeruna að hausti. Þannig fá börnin tilfinningu fyrir hringrás náttúrunnar og fá betri skilning á ýmsum fyrirbærum og ferlum í náttúrunni. Unnið er með árstíðirnar og þær breytingar sem verða í náttúrunni sem fylgja hverri árstíð. Náttúrulegt leikefni er tekið inn í leikskólann til og það notað sköpunar og skynjunar t.d. sandur, skeljar, steinar, laufblöð, könglar, bein og trjágreinar.

- **að börnin kynnist stærðfræðilegum hugtökum**
Í öllum námsþáttum er unnið með rými, fjarlægð, magn- og fjöldahugtök.

- **að börnum sé gefið tækifæri á að rannsaka og uppgötva á sínum eigin forsendum**
Í rannsóknum barna á umhverfinu fá þau tækifæri til þessa að reka sig á og finna sjálf lausnir sem leiðir til betri þekkingar og skilnings á umhverfinu. Hlutverk kennara er að styðja börnin áfram í sjálfstæðum athugunum og leik. Þetta rímar vel við hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem kennarinn hvetur barnið til þekkingar með því að hvetja það til þess að uppgötva möguleikann á breytingu.
- **að börnin fái að njóta tækninnar sem leikskólinn býr yfir**
Í því felst aðgangur að tækjum til náms svo sem tölvum, myndavélum, smásjám, stækkunarglerjum og spjaldtölvum.
- **að verða leikskóli á grænni grein**
Geislabaugur stefnir að því að bæta sig í umhverfismálum og er stefnan tekin á Grænfána. Unnið er eftir skrefunum sjö sem Landvernd hefur gefið út. Fyrsta skrefið er að skipa umhverfisnefnd og hefur það verið gert. Nefndin hefur umsjón með að leikskólinn fylgi þessum sjö skrefum sem þarf að uppfylla til að fá Grænfána.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Leikurinn er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna getur notið sín.



Í Geislabaugi fléttast sköpun inn í öll námsvið leikskólans. Umhverfið örvar skynjun og styður við sköpunarkraft barnanna. Markmiðið er að barnið fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu, kynnist mismunandi efnivið, efli fegurðarskyn, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun.

Menning er samofin öllu starfi í Geislabaugi og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Markmið er að börnin kynnist smám saman því samfélagi og menningu sem þau lifa í og um leið margbreytilegum fjölskyldugerðum og menningarheimum.

Markmið og leiðir

- **Að efla frumkvæði og skapandi hugsun**

Við spyrjum opinna spurninga og hvetjum þannig barnið til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri. Á listasvæði fá börnin tækifæri að velja hvað þau vilja gera. Það er ekki fyrirfram ákveðið af kennaranum. Þau fá góðan tíma til að vinna úr hugmyndum sínum.

- **Að kynnst fjölbreyttum aðferðum til að tjá sig í gegnum sköpun**

Við leggjum áherslu á að börnin hafi aðgengi að sögum, hlutverkabúningum, hljóðfærum, tónlist og listaverkabókum. Við förum reglulega á söfn og í leikhús og einnig fáum við til okkar ýmsa listamenn. Helsta kveikjan að listsköpun barnanna er fjölskyldan og nánasta umhverfið.

- **Kynnast margskonar efnivið til sköpunar**

Efniviður er aðgengilegur fyrir börnin og er staðsettur í þeirra hæð og er sýnilegur. Mikið er unnið með verðlausan efnivið sem virkjar börnin í að finna sjálf lausnir og leiðir til sköpunar. Í opnu rými er Remida sem er okkar efnisveita og hefur að geyma mikið úrval af verðlausum hlutum sem búið er að flokka í glæra kassa.

- **Að kynnst samfélagi og menningu okkar og annara þjóða**

Við vinnum með íslenskan menningararf í leikskólanum með því að halda upp á ýmsar gamlar hefðir t.d. þorrablót, konudag, bóndadag, sprengidag og öskudag.

Við höldum upp á þjóðhátíðardag allra barna í leikskólanum en þá gefst tækifæri til þess að kynna fjölbreytt þjóðerni barna og menningu þeirra, einnig eru foreldrum boðið að koma og halda kynningu. Samverustundir og svæðavinna eru nýttar til að kynna fyrir börnunum fjölbreytt fjölskyldumynstur.



13. Hátíðir og hefðir

- Á *konudag* bjóðum við mæðrunum í kaffi og á *bóndadaginn* koma feðurnir í kaffi. Einu sinni á ári bjóðum við ömmum og öfum í kaffi til okkar. Einnig erum við með foreldrakaffi af og til.
- Fyrir *öskudag* búa börnin sjálf til öskudagsbúningana og svo er haldið ball í salnum.
- *Sprengidagur*, allir borða saltkjöt og baunir í hádeginu.
- Á *bolludaginn* fáum við fisk- eða kjötbollur í hádeginu og rjómabollur í síðdegishressingunni.
- Þorrablot er haldið með hefðbundnum þorramat, börnin útbúa skotthúfur í tilefni dagsins.
- Sveitaferð er farin annað hvert ár í umsjón foreldrafélagsins og annað hvert ár förum við með öll börnin í Húsdýragarðinn.
- Vorsýning er haldin í apríl eða maí, þá kynnum við leikskólann okkar og sýnum afrakstur vetrarins og bjóðum sérstaklega nýjum börnum og foreldrum þeirra að koma og skoða skólann.
- Í tilefni 17. júní er haldin sumarhátíð með börnum og starfsfólki.
- Afmæli leikskólans er haldið hátíðlegt með mismunandi uppákomum og leikjum.
- *Alþjóðlegi bangsadagurinn* er haldinn hátíðlegur í október ár hvert, þá mega börnin koma með einn bangsa með sér í leikskólann.
- 16. nóvember er *Dagur íslenskrar tungu*. Þann dag leggjum við áherslu á lestur bóka eftir íslenska höfunda. Nemendur frá Ingunnarskóla koma og lesa fyrir börnin.
- Í desember hefur skapast sú hefð að við náum í jólatréð okkar út í skóg. Jólasveinninn lætur sjá sig og hjálpar okkur með tréð. Við útbúum jólakaffihús þar sem boðið er uppá heitt súkkulaði og jólasmákökur. Hefðbundið jólaball er haldið með söng, harmonikkuleik og heimsókn jólasveinanna.
- Útskrift Meistara er haldin að vori. Meistarar sjá um skemmtiatriði og fá útskriftarskjal og blóm frá skólanum og foreldrar koma með kökur og bakkelsi á sameiginlegt hlaðborð. Ferilmöppurnar fara einnig með heim.
- Útskriftaferð Meistara er í maí og fara börnin í heilan dag í ferð með kennurum sínum.



14. Sérkennsla

Börn með sérþarfir

Í lögum um leikskóla segir að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leiksólans og starfsfólk þeirra. Sérkennslustjóri starfar í Geislabaugi og hefur yfirumsjón með sérkennslumálum innan skólans. Ef grunur vaknar hjá foreldrum eða leikskólakennurum um seinkaðan þroska hjá barni er leitað eftir aðstoð hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Send er inn tilvísun í nánu samstarfi við foreldra og í framhaldi af því er málið tekið til athugunar hjá sérfræðingum þjónustumiðstöðvarinnar.

Í Geislabaugi er unnið eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og er snemmtæk íhlutun höfð að leiðarljósi. Það þýðir að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi og að börn fái íhlutun og þann stuðning sem þau þurfa til að vera virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu. Með snemmtækri íhlutun er átt við að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er.

Í Geislabaugi er lögð áhersla á að börn með sérþarfir fái að njóta sín í öllu leikskólastarfi. Sérkennsla fléttast inn í daglegt starf leikskólans, þannig að hún verður eðlilegur þáttur starfsins. Sérkennsla fer einnig fram í einstaklingsvinnu og hópavinnu fárra barna ef það er það sem kemur tilteknur börnum best. Er það gert í samráði við foreldra og alla sem að barninu koma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn sem þurfa sérstaka íhlutun. Öllum kennurum ber að vinna eftir þessari áætlun sem unnin er í samráði við foreldra og kennara deildarinnar, undir stjórn sérkennslustjóra. Mikilvægur þáttur í þroskaferli barna er félagasleg samskipti og er það haft að leiðarljósi við gerð einstaklingsnámskrár.

15. Tengsl milli skólastiga

Samstarf við grunnskóla

Í lögum um leik- og grunnskóla kemur fram að stuðla beri að því að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga. Við erum í góðu samstarfi við hverfisskólana okkar Inngunnarskóla og Sæmundarskóla. Með reglubundnum heimsóknum í skólann dregur úr kvíða og óvissu gagnvart því sem koma skal. Börnin kynnast væntanlegu skólaumhverfi, aðstæðum þar, kennurum og síðast en ekki síst hitta þau gömlu félagana úr leikskólanum.

Markmið með samstarfinu

- Að styrkja samstarf milli leik- og grunnskóla og skapa samfellu í námi barnanna
- Að stuðla að því að gagnkvæmur skilningur sé á störfum kennara milli skólastiga

- Að auðvelda börnunum þær breytingar sem fylgja flutningi úr leikskóla í grunnskóla

Framkvæmd

Um miðjan september ár hvert hittast samstarfsaðilar og setja upp dagskrá vetrarins og skiptast á að kynna starf skólanna.

Nemendur í grunnskólunum koma í heimsóknir í leikskólana um miðjan september.

Leikskólabörnin fara síðan í reglulegar heimsóknir ca. einu sinni í mánuði í skólana þar sem þau kynnast húsakynnum, nemendum og kennurum skólans.

Skólarnir bjóða einnig væntanlegum nemendum á ýmsa viðburði vinastundir, jólaskemmtun ofl. Hefð er fyrir því að 6. bekkur úr Ingunnarskóla komi á Degi íslenskrar tungu og lesi fyrir leikskólabörnin.

Á vorin eru haldnir skilafundir í sitthvorum skólunum, þá eru upplýsingum og gögnum um leikskólabörnin skilað til grunnskólanna þetta eru aðalega niðurstöður Hljóm-2 og aðrar upplýsingar sem taldar eru mikilvægar út frá velferð barnsins. Foreldrar eru upplýstir um hvaða gögn og upplýsingar fylgja börnunum.



16. Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barnsins og kennara þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á bæði hegðun þess og líðan. Foreldrar eru velkomnir í

leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við kennara. Þeir eru sérstaklega boðnir í kaffi, í samtöl, kynningar á haustin, opið hús og aðrar skipulagðar uppákomur sem í boði eru.

Markmið og áherslur

- Að hafa velferð barnsins að leiðarljósi
- Að skapa traust á milli foreldra og kennara
- Að upplýsingaflæði milli heimilis og skóla sé í góðum farvegi
- Að eiga góð samskipti við foreldra í daglegum samskiptum

Aðlögun

Aðlögun nýrra barna fer fram á haustin og erum við með þátttökuaðlögun.

Þátttökuaðlögun byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þessa þrjá daga sem hún á sér stað. Foreldrar hugsa um sitt barn og hjálpa því að kynnst nýju deildinni og umhverfi þess, kennurum og börnunum á deildinni. Þeir borða með barninu og skipta á því ef þess þarf. Kynningarfundur er fyrir foreldra nýrra barna á meðan aðlögun stendur yfir á þriðja degi þegar börnin sofa.

Kynning á vetrarstarfi er á öllum deildum að hausti þar sem farið er yfir dagskipulag, hugmyndafræði og áherslur skólans.

Foreldrasamtöl eru einu sinni til tvisvar á ári. Í nóvember ár hvert eru skipulögð samtöl þar sem farið er yfir líðan barnsins, þróun og framfarir ræddar. Farið er yfir skráningar í ferilmöppu barnsins.

Dagleg samskipti eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg en ekki er alltaf hægt að ná til allra foreldra og er því upplýsingaflæði að mestu rafræn. Við erum með heimasíðu <http://www.geislabaugur.is> þar sem allar helstu upplýsingar um skólann eru. Kennarar halda uppi fésbókarsíðu með lokuðum hópum fyrir hverja deild ætluð foreldrum. Einnig er tölvupóstur mikið notaður.

17. Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipuleggingu leikskólasamstarfsins og í samstarfi við foreldra. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum um styrkleika, getu, hæfni og áhuga barna sinna.

Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.

Uppeldisfræðileg skráning

Uppeldisfræðileg skráning er stór hluti af starfinu í Geislabaugi og er aðferð til gagnaöflunar en ekki til atferlisathugunar. Hún er fyrst og fremst aðferð til að auka skilning okkar á því sem gerist innan veggja skólans, ásamt því að sjálft ferlið gerir allt innra starf sýnilegra. Skráning er ekki síst góður grunnur að uppeldisfræðilegri umræðu og gefur kennurum upplýsingar hvernig þeir eru í starfi. Þær sýna einnig hvað barnið er hæfileikaríkt og getumikið.

Við upphaf leikskólagöngu í Geislabaugi fær hvert barn svokallaða ferilmöppu. Í hana fara allar skráningar sem eru gerðar á meðan barnið er í leikskólanum. Mappan flyst með barninu á milli deilda og fer heim þegar barnið hættir. Við skráum t.d. með því að :



- taka ljósmyndir
- nota myndbandsupptökuvél, Ipad
- taka upp á diktafón
- skrifa niður það sem börnin segja og vangaveltur og viðbrögð kennarans
- taka eftir hvar áhugi þeirra liggur t.d. með því að rýna í teikningar og verk þeirra
- taka eftir hvað þau kunna /vita?
- taka eftir hvað þau kunna ekki/vita ekki?

Í foreldrasamtölum höfum við til stuðnings ferilmöppur barnanna og skráningar og sérstakt blað um líðan barnsins í skólanum.

Á vorin leggjum við fram spurningalista til barnanna á Geislabaugi. Til þess notum við myndir sem hjálpa þeim að taka afstöðu til dagskipulagsins. Þau koma einnig með hugmyndir sem við notum við gerð ársáætlunar.



Við notum matslista eins og *Hljóm-2* hann leggjum við fyrir öll börn í síðasta árganginum á haustin og svo aftur að vori. *Íslenski þroskalistinn* og *Íslenski smábarnalistinn* er notaður ef

grunur vaknar um frávik í þroska. Einnig er stuðst við ýmsa skimunarlista við einstaklingsnámskrágerð fyrir börn sem þurfa sérstaka íhlutun og ef rökstyðja þarf frekar grun um frávik.

18. Mat á leikskólastarfi

Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á að leiða í ljós hvort markmiðum hafi verið náð og hvort breytinga sé þörf. Matið skiptist í innra mat og ytra mat. Innra mat er unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans. Ytra mat er unnið af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og eða Menntamálaráðuneytis.

Markmið endurmats er að

- Tryggja að starfsemi leikskólans sé eins og lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla gera ráð fyrir.
- Tryggja að starfað sé eftir skólanámskrá og ársáætlun.
- Nýta niðurstöður endurmats og þær upplýsingar sem fást til umbóta ef þörf krefur.
- Leita eftir hugmyndum barnanna og viðhorfi foreldra og gefa þeim tækifæri til að koma með sínar skoðanir og hafa áhrif á leikskólastarfið eins og kostur er.
- Að leikskólinn sé í stöðugri þróun.

Innra mat

Matsteymi er í skólanum sem heldur utanum innra mat Geislabaugs. Matsteymi samanstendur af 3-4 kennurum og ákveður afmarkaða matsþætti, setja niður spurningar og ákveða viðmið og afla gagna. Svo þarf að greina þau gögn sem aflað hefur verið, fá niðurstöður og gera umbótaráætlun. Við styðjumst við hefti sem gefið var út af Íslenska matsfræðifélaginu og heitir: *Leiðbeiningar um innra mat skóla*.

Við festum okkur ekki bara við fyrirfam ákveðna áætlun heldur metum við starfið líka óviðbúið með kennurum eftir ýmsar upptakomur.

Á deildarfundum er farið vel yfir dagskipulagið og það endurmetið og skipulagt jafn óðum. Deildarstjórafundir eru að jafnaði einu sinni í viku. Viðhorfskönnun er gerð meðal allra starfsmanna á hverju vori er varða dagskipulag, innra starf og ánægju í starfi. Innra mat gefur upplýsingar um styrkleika og veikleika innan skólans. Einnig eru spurningalistar og örkannanir lagðir fyrir foreldra. Spurningalistinn til barnanna með tilfinningamyndum er einnig hafður til hliðsjónar við gerð endurmats og ársáætlunar. Farið er yfir niðurstöður á matsdegi sem haldinn er í maí á hverju ári þar sem allir deildarstjórar og stjórnendur skólans hittast og fara yfir matið og gera drög að ársáætlun.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, rekstraraðila eða ráðuneyti. Annað hvert ár gerir rekstraraðili foreldrakönnun og starfsmannakönnun.



19. Umsögn frá foreldrum

Umsögn foreldris:

„Ég hef verið með börn á Geislabaugi síðan í ágúst 2010 og fengið að kynna 4 af 6 deildum skólans. Reynsla mín af leikskólanum er mjög góð. Starfsfólkið er upp til hópa frábært, hugmyndaríkt, ábyrgt og skemmtilegt. Börnunum mínum hefur liðið afar vel í leikskólanum og hefur verið vel tekið á öllum málum sem komið hafa upp. Ég hef átt gott samstarf við bæði stjórnendur og annað starfsfólk skólans, verið bæði í foreldrafélaginu og foreldraráði og fengið þannig að kynna leikskólanum enn betur en ég hefði annars gert. Ég hef fengið að sjá börnin mín blómstra og fara í leikskólann með bros á vör dag eftir dag. Ég get því með góðri samvisku gefið starfsfólki leikskólans mín bestu meðmæli.“

Umsögn foreldris:

Frumburður byrjaði skólagöngu sína samtímis og leikskólinn Geislabaugur hóf starfsemi. Næstu tíu árin var Geislabaugur stoð okkar og stytta í uppeldi á drengjunum okkar þremur. Við vorum samferða frá ágúst 2004 til ágúst 2014. Sá elsti var frá 2004 til 2008, miðjudrengurinn var frá 2008 til 2013 og yngsti drengurinn frá 2010 til 2014. Á þeim tíma var gaman að sjá hve starfið eflist ár frá ári. Faglega var staðið að öllu því er tengdist náminu. Fjölskyldan tengdist starfsfólki Geislabaugu sterkum böndum á tímabilinu. Í upphafi leikskólagöngu miðdregnsins okkar kom í ljós að hann aðlagðist ekki nægilega vel. Í kjölfarið fór hann í gegnum greiningarferli sem reyndist okkur, foreldrunum, erfitt. Á þeim tíma var elsta barnið að feta sín fyrstu skref í grunnskóla og yngsti bróðirinn nýfæddur. Að öðrum ólöstuðum þá verður sérkennara Geislabaugu, deildarstjórum og stuðningsfulltrúum sem unnu með drenginn seint fullþakkað. Þær unnu af heilum hug að því að efla drenginn og styðja foreldrana og fyrir það erum við óendanlega þakklát. Góðu samstarfi leikskóla og foreldra gerði það að verkum að strákurinn blómstrar í grunnskóla, er sterkur námsmaður sem á góða vini sem fylgdu honum af Geislabaugi í hverfisskólann.

Þeim elsta og yngsta fylgdi minna „utanumhald“ en báðir voru þeir svo heppnir að eiga leiðbeinanda sem fylgdi þeim alla þeirra leikskólagöngu. Báðir náðu þeir einstökum tengslum við þá starfsmenn og hugsa reglulega til þeirra með sérstakri væntumþykju.

Faglegt starf og hlý framkoma starfsmanna Geislabaugu hefur ætíð verið til fyrirmyndar.

Takk fyrir okkur.

Umsögn foreldraráðs 2014

Persónuleg upplifun okkar er að almenn ánægja ríki meðal foreldra og barna með leikskólann í heild sinni. Það er eftirtektarvert hversu mikil vinna er lögð í að gera dagana fjölbreytilega og eftirminnilega, en jafnframt fræðandi fyrir börnin. Það er okkar mat að starfsfólk Geislabaugu vinni afburðagott starf og að börnum farnist mjög vel í skólanum.

Ljóð sem við fengum frá foreldrum

Hér er stuð og mikil stemming,
hér sýna allir kurteisi af góðum sið.
Hér kennd er virðing og allskonar menning,
allir eru vinir - Sem eitt lið.
Það augljóslega hver maður sér
að góðu börnin þú til þín lokkar
Geislabaugur við þökkum þér
af öllu hjarta fyrir strákana okkar.

20. Starfsáætlun

Starfsáætlun er gerð fyrir hvert skólaár og nær frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Í starfsáætlun er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólann, faglegt starf, tölulegar upplýsingar um fjölda og samsetningu barnahópsins og starfsmannahald. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir nýjum verkefnum, skipulagningu og áherslum í skólastarfinu.

Í starfsáætlun eiga að koma fram upplýsingar um innra og ytra mat síðasta skólaárs og umbótaráætlun, sem byggir á niðurstöðum úr því mati sem unnið var.

21. Samstarfsaðilar og lög um leikskóla

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundasvið tók til starfa 12. september 2011 og var markmið þess að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Sviðið sér um faglega stefnumörkun og annast rekstur 64 leikskóla, 36 grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila, ásamt því að hafa umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur, Skólasafnamiðstöðvar og fjögurra skólahljómsveita undir sviðið. Skóla- og frístundasvið hefur einnig umsjón með fjáruhlutunum, og eftirliti með starfsemi sjálfstætt starfandi skóla; 18 leikskóla, 6 grunnskóla, 18 tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá gerir sviðið þjónustusamninga við þjónustumiðstöðvar í hverfum í tengslum við sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er alhliða upplýsingamiðlun, félagsleg ráðgjöf, skóla- og sérfræðiþjónusta, hverfastarf, forvarna- og félagsauðsverkefni, samstafsverkefni og aðsetur hverfaráðs. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts vinnur í nánu samstafi við leikskóla hverfisins.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 skal kjósa foreldraráð við leikskóla og hefur leikskólastjóri frumkvæði að kosningu í ráðið og ber honum einnig að starfa með ráðinu. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og kosið er til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með

framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Lög um leikskóla

Í nýjum lögum um leikskóla er barnið, réttindi þess og velferð í fyrirrúmi. Lögunum er ætlað að skapa stutta og hnitmiðaða rammalöggjöf með samhljómi við löggjöf um önnur skólastig, sem skapi skilyrði til að styrkja starf í leikskólum. Tekið er mið af breytingum á fjölskylduhögum, auknum fjölda íbúa, sem eiga sér annað móðurmál en íslensku og menningarlegum fjölbreytileika. (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html>)



22. Skólanámskrá

Hafist var handa við gerð þessarar skólanámskrár haustið 2014. Þóra Jóna Jónatansdóttir aðstoðarleikskólastjóri var skipaður verkefnistjóri og sett var upp námskrárnefnd. Hún var valin af stjórnendum og var haft til hliðsjónar að það væru ekki sömu kennarar og voru í þróunarnefndinni þar sem bæði verkefni væru tímafrek, ásamt því að gefa fleirum tækifæri til þess að vera með að móta leikskólastarfið. Einnig komu allir aðrir kennarar að gerð hennar á einhvern hátt. Haustið 2014 fengum við aðstoð frá Skóla- og frístundarsviði þar sem að fjórir starfsmenn þaðan komu til okkar á starfsdegi og hjálpuðu okkur af stað. Við unnum í hópavinnu að námssviðunum og tókum fyrir *læsi*, *sköpun* og *menningu*. Seinna um haustið unnum við í hópavinnu um daglegar venjur. Námskrárnefndin vann svo út frá þessum niðurstöðum að gerð þessarar námskrár. Verkefnisstjóri hefur síðan unnið verkefnið áfram og sent til yfirlestrar oftár en einu sinni. Nú er skólanámskrá Geislabaugu tilbúin en hafa skal hugfast að námskráin er í stöðugri þróun og getur tekið breytingum.

Verkefnisstjóri

Þóra Jóna Jónatansdóttir

Ábyrgðamaður

Ingibjörg Eyfells

Heimildarskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011) Mennta og menningarmálaráðuneyti

Skólanámskrá Geislabaugs (2007)

Börn hafa hundrað mál/Menningarmálanefnd reykjavíkurborgar og

menntamálaráðuneyti Íslands (1988)

In Dialougue with Reggio Emilia/Carlina Rinaldi (2006)

The Ethics in Loris Malaguzzis philosophy/Ísalda (2013)

Fagmennska í skólastarfi /Háskólinn á Akureyri (2013)